



# Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 13 Dags. 09.12.2022

**Fundarstaður:** Austurbrú, kl. 14:00.

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson (fjarf), Arna Björg Bjarnadóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna
3. Framtíð sjóðsins, vistun hans og umsjón
4. Umsóknarfrestur og auglýsing fyrir næsta ár.
5. Önnur mál.

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Staða verkefna

Verkefnastjóri fór yfir stöðu verkefna sem hlutu styrki árin 2020, 2021 og 2022. Búið er að ljúka mörgum verkefnum en beðið er eftir skýrslu frá 8 verkefnum sem hlutu styrki árið 2020. Ef þær skýrslur berast ekki þurfa viðkomandi aðilar að endurgreiða styrkinn eins og fyrir liggja samþykktir um. Minnt hefur verið á þetta með tölvupóstum til styrkþega.

3. Framtíð sjóðsins, vistun hans og umsjón

Umræður teknar um framtíð sjóðsins þar sem verksamningur milli Fljótsdalshrepps og Austurbrúar um Fagra framtíð í Fljótsdal rennur út um áramótin. Nokkur tengsl hafa verið þar á milli þar sem laun verkefnastjóra sjóðsins, gjaldkera og að nokkru leiti formanns hafa fallið á FFF auk annarra starfsmanna Austurbrúar sem hafa komið að verkefnum tengdum sjóðnum, s.s. auglýsingagerð fundir, ferðakostnaður, o.fl.

Almenn ánægja er með að vista sjóðinn hjá Austurbrú en samþykkt að leita tilboða í vitun og umsýslu hjá Austurbrú og öðrum aðilum. Formaður og varaformaður vinna það áfram og á niðurstaða að liggja fyrir 4. janúar 2023.

Umræður um stofnskjal sjóðsins. JFP tók að sér að leita til Kristins Bjarnasonar lögmanns um grein nr. 10 og í framhaldinu af því samtali tekur stjórn afstöðu um hvort endurskoðunar sé þörf á stofnskjali sjóðsins.

Áætlað er að til úthlutunar fyrir 2023 verði ríflegar 7.000.000 kr sem er nokkru minna en undanfarin ár en á pari við það sem gengur og gerist almennt í verkefnasjóðum Brothættra byggða.

4. Umsóknarfrestur og auglýsing fyrir næsta ár.



FÖGUR FRAMTÍÐ Í  
FLJÓTSDAL

Samþykkt að bíða með umræðu og afgreiðslu þessara mála þar til fyrir liggur hvar sjóðurinn verður vistaður. Það kemur í hlut nýs starfsmanns sjóðsins að fara yfir úthlutunarreglur, matsblað, áherslur og umsóknareyðublað, sem og að auglýsa eftir umsóknum.

Samþykkt að halda fjarfund þann 11. janúar kl. 14:00

5. Önnur mál.

Umræða um skipan stjórnar og vilja stjórnarmanna til áframhaldandi setu. Samþykkt að bíða með þá umræðu þar til niðurstaða liggur fyrir um vistun sjóðsins.

Fundi slitið 16:25

ÁHBj ritaði

**Undirritun fundargerðar**